

Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Nr. 143/1979. **Ragnheiður Guðráðsdóttir**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Margréti Pálsdóttur

(Guðmundur Markússon hrl.).

Endurheimta barnalífeyris.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti byggði lögmaður áfrýjanda ekki sýknukröfu sína á því, að krafa stefndu væri fallin niður fyrir tómlæti eða fyrningu.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ragnheiður Guðráðsdóttir, greiði stefndu, Margréti Pálsdóttur, samtals 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. maí sl., hefur Margrét Pálsdóttir, Langholtsvegi 204, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. janúar 1978, á hendur Ragnheiði Guðráðsdóttur, áður Skeiðarvogi 151, Reykjavík, en nú til heimilis í Bandaríkjunum. Stefnukröfur eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 177.973 með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1975 til 1. desember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar. Þá var upphaflega krafist staðfestingar á kyrrsetningargerð, sem fram fór 20. janúar 1978 í eign stefnda, fasteigninni að Skeiðarvogi 151, Reykjavík.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing í málinu og þær kröfur gerðar, að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og auk þess dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Í fógetarétti Reykjavíkur 30. ágúst 1978 varð svofelld sátt með aðiljum:

„1. Stefnandi bæjarþingsmálsins nr. 361/1978 (staðfestingarmál löghalds), Margrét Pálsdóttir, fellur frá kröfum sínum um staðfestingu löghaldsgerðarinnar og samþykkir, að löghaldstryggingu sé skilað. Aðilar eru sáttir á, að dæmt verði um málskostnað löghaldsmálsins kr. 19.310.- eins og löghaldsgerðin hafi ekki fallið niður og stefnandi hafi ekki fallið frá kröfum sínum um staðfestingu löghalds.

Fellur því þegar gert löghald niður.

2. Gerðarþoli, Ragnheiður Guðráðsdóttir, setur að handveði til tryggingar greiðslu á dómkröfum stefnanda í ofangreindu bæjarþingsmáli veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 4.283.572.- útg. 21. 7. 1978, með 5. veðrétti í fasteigninni að Skeiðarvogi 151, Reykjavík. Það er í vörzlu Jóns Bjarnasonar, hrl., Bergstaðastræti 44, Reykjavík, og mun hann sjá um vörslur á skuldabréfi þessu og annast greiðslu á dómkröfum stefnanda eftir dóm í málinu. Þó skal honum heimilt að greiða til Ragnheiðar greidda afborgun og vexti, enda sé endanlegur dómur ekki genginn í málinu. Þá skal gerðarþola heimilt að setja aðra tryggingu í samráði við gerðarbeiðanda. Enginn frestur veitist á fullnægju dóms, þó beðið sé eftir greiðslu á veðsk.bréfi.“

Sátt um það deiluefni, sem hér er til úrlausnar, hefur verið

reynd fyrir dómi, en án árangurs, en samkvæmt 6. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936 skal héraðsdómari leita sátta í málinu.

Málsefnið er það, að Margrét Pálsdóttir krefur Ragnheiði Guðráðsdóttur um barnalífeyri frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins, sem Ragnheiður tók á móti vegna Margrétar á tímabilinu 1. febrúar 1974 til 31. júlí 1975 samkvæmt upplýsingum greindra stofnana, sem fram koma á dóm skj. 3. Margrét er dóttir Ragnheiðar. Hún varð 18 ára 31. júlí 1975, og þá lauk greiðslu barnalífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Réttur til barnalífeyris vegna Margrétar skapaðist við lát föður hennar, Páls Ragnars Jóhannessonar, sem lést 20. maí 1973. Hún telur sig ekki hafa verið á framfæri móður sinnar greint tímabil og kveðst hafa kostað framfæri sitt sjálf og geri því endurkröfu til þess lífeyris, sem móðir hennar hafi þannig tekið á móti fyrir hennar hönd. Um endurkröfurétt þennan vísar stefnandi til laga um almannatryggingar og svo sérstaklega til 16. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963.

Sýknukrafa Ragnheiðar er í fyrsta lagi byggð á því, að líta verði á framfærslutímabil barna sem eina heild. Margrét hafi frá fæðingu verið á framfærslu foreldra sinna og eftir lát föðurins á framfæri Ragnheiðar. Hún hafi um sinn horfið af heimilinu, meðan dvalið var um fárra vikna skeið í bráðabirgðahúsnæði, og ráð hafi verið fyrir því gert, að hún kæmi aftur á heimili fjölskyldunnar. Þá er því mótmælt, að Margrét hafi farið af heimilinu fyrr en 14. maí 1974. Þá er því mótmælt, að Margrét eigi sjálfstæðan rétt til að fá til sín lífeyrinn, sem stefnt er út af. Sé þetta talið rétt hjá Margréti, er á því byggt, að réttur hennar sé fallinn niður fyrir fyrningu eða tómlæti hennar.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram aðiljaskýrsla hans, og af hálfu stefnanda hefur skýrslan verið tekin sem staðfest fyrir dómi. Í skýrslu þessari kemur fram frekari útlistun á málásátæðum þeim, sem raktar eru hér að framan, og málsatvikum lýst af hálfu stefnda, m. a. er þar talinn kostnaður, sem Ragnheiður telur sig hafa haft af framfærslu Margrétar, áður en hún flutti að heiman, og húsgögn, sem Ragnheiður telur sig hafa látið Margréti fá til búnaðar herbergis þess, er hún fékk á nýju heimili.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, þjóðskrá, tilkynnir Margrét sig frá Rauðarárstíg 42, Reykjavík, en þar bjó móðir hennar, að Langholtsvegi 204, Reykjavík, þann 6. júní 1974. Sam-

kvæmt vottorðinu er hún heimilisföst þar til 28. janúar 1975, er hún flytur að Kjalarlandi 12, Reykjavík. Að Kjalarlandi býr hún samkvæmt vottorðinu til 10. ágúst 1976. Samkvæmt framburði Margrétar hér fyrir dómi þann 16. mars 1979 flutti hún að heiman í febrúar—mars 1974. Þennan framburð hennar styður framburður Daðeyjar *Steinunnar* Daðadóttur í þinghaldi 29. mars sl., en Steinunn segir, að stefnandi hafi flutt til sín 15. mars 1974 að Langholtsvegi 204, en Steinunn býr þar. Þær eru sammála um það Margrét og Steinunn, að þangað hafi Margrét flutt að ósk móður sinnar, en ósamkomulag hafi verið með þeim mæðgum og ekki hafi verið ráð fyrir því gert, að Margrét flytti aftur heim. Margrét segir, að ósamkomulag þetta hafi verið út af núverandi stjúp föður hennar, sem hafi ekki þolað hana á heimilinu. Segir hún jafnframt, að hvorugt systkina sinna búi lengur hjá móður þeirra og hafi systir hennar verið farin að heiman á undan henni.

Steinunn Daðadóttir segir, að hún hafi unnið hjá móður Margrétar. Hún hafi stungið upp á því við móðurina, að hún tæki stúlkuna til sín, þar sem móðir hennar kvartaði mjög undan henni og Steinunni vantaði barnfóstru. Segir Steinunn, að Margrét hafi fengið hjá sér herbergi og fæði og auk þess kr. 7.000 á mánuði til að byrja með. Móðir Margrétar hafi ekkert greitt með henni. Síðar hafi Margrét farið að vinna úti, en þó verið hjá henni eitthvað áfram. Henni hafi líkað ágætlega við Margréti og engin vandræði haft af henni. Þær eru sammála um það Margrét og Steinunn, að móðir Margrétar hafi lagt kommóðu og rúm Margrétar með henni í vistina. Margrét segir, að auk þessa hafi móðir hennar lagt til með henni ýmislegt til skrauts úr búi sínu og föður Margrétar.

Eiginmaður Margrétar, Jón Ólafsson, hefur einnig borið fyrir dómi, að það hafi verið að frumkvæði Ragnheiðar, að Margrét fór að heiman. Margrét og Jón voru heitbundin, þá er hún fór að heiman, og bjó hann að Langholtsvegi 204 með henni.

Í þinghaldi 29. mars sl. lagði lögmaður stefnda fram kröfu um, að dómariinn viki sæti í málinu. Lögmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu lögmanns stefnda og lýsti gagnaöflun lokið og óskaði eftir því, að dagur yrði ákveðinn til munnlegs flutnings málsins. Dómaranum þótti rétt að taka fyrst fyrir kröfu stefnda um, að dómariinn viki sæti, og kvað upp úrskurð 2. apríl sl., þar sem þeirri kröfu var hafnað. Stefndi skaut þeirri ákvörðun dómarans til Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn með dómi

23. apríl sl. Dómarinn tók síðan afstöðu til frestbeiðni stefnda og synjunar stefnanda á frekari fresti til gagnaöflunar með úrskurði, uppkveðnum 25. apríl sl. Dómarinn synjaði þar um frekari frest til gagnaöflunar og ákvað, að munnlegur flutningur málsins skyldi fara fram 28. maí sl., og fór það eftir.

Álit dómsins.

Í 11. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir: „Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.“ Í 16. gr., 1. mgr., sömu laga segir síðan: „Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára að aldri, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. . . .“

Af orðalagi þessara ákvæða er ljóst, að börnin sjálf eiga rétt til þessa lífeyris til framfærslu sinnar.

Í 14. gr., 1. mgr., laga nr. 67/1971 um almannatryggingar segir: „Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið . . .“.

Í sömu grein sömu laga, 4. mgr., segir: „Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu“.

Samkvæmt orðalagi þessara ákvæða er barnalífeyrir samkvæmt lögnum um almannatryggingar greiddur framfæranda til framfærslu barns.

Samkvæmt því, sem hér er rakið, er rétt að líta á greiðslur eftir hvorum tveggja lögnum sem framfærslueyri. Í báðum tilfellum eru greiðslur miðaðar við ákveðið tímaskeið og ákveðnar sem árlegar greiðslur. Tryggingastofnun ríkisins skiptir greiðslum þessum niður á mánuði. Rétt þykir því að líta á þær sem greiðslur til framfærslu þann tíma, sem greiðsla er miðuð við, að öðrum kosti verður ekki séð, að þær þjóni tilgangi sínum.

Aðiljar eru sammála um, að eftir að Margrét fór að heiman, hafi Ragnheiður ekki greitt til framfærslu hennar. Húsmunir, sem hún lét henni í té við vistaskiptin, þykja hér ekki skipta máli, þar sem þeir verða tæpast taldir skipta sköpum um framfærslu hennar, og stefndi hefur ekki gert gagnkröfu þeirra vegna.

Upphæð þess fjár, sem Ragnheiður tók á móti til framfærslu Margrétar þann tíma, er stefnt er fyrir, er ekki umdeild, heldur

eingöngu, hvenær Margrét fór að heiman. Við það þykir mega miða eftir málflutningi Margrétar, að hún beri ekki brygður á rétt Ragnheiðar til að taka til sín lífeyri samkvæmt hvorum tveggja lögunum, meðan Margrét var á heimili hennar.

Ragnheiður hefur mótmælt, að Margrét hafi farið af heimili hennar fyrr en 14. maí 1974. Þegar litið er til vottorðs Hagstofu Íslands um heimilisfesti Margrétar, þykir þrátt fyrir framburð hennar og Daðeyjar *Steinunnar* Daðadóttur ekki rétt að miða við, að hún hafi farið af framfærslu Ragnheiðar fyrir 14. maí 1974. Samkvæmt framburði Margrétar og vitnisins Daðeyjar *Steinunnar* þykir nægilega fram komið, að Margrét hafi eftir þennan tíma sjálf séð um framfærslu sína og hafi þannig átt rétt á samkvæmt framanskráðri lögskýringu að fá til sín lífeyri eftir hvorum tveggja lögunum.

Lög nr. 95/1947 um lögræði þykja ekki, eins og hér háttar til, breyta þessari niðurstöðu, sbr. hliðsjón af 18. gr., 1. mgr., þeirra laga.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 14/1904 (sic) fyrnast kröfur ómyndugra á hendur fjárhaldsmanni á fjórum árum, frá því er fjárhaldið hættir. Samkvæmt þessu ákvæði var krafa stefnanda á hendur stefnda ófyrnd, þegar mál þetta var höfðað. Eins og hér háttar til, þykir stefnandi ekki heldur hafa sýnt kröfu sinni tómlæti.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að stefndi skal greiða stefnanda kr. 148.904.

Vaxtakröfu hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og er hún tekin til greina af dæmdri upphæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.000, og er þá tekið tillit til löghaldskostnaðar og kostnaðar við tvo úrskurði, sem fram fóru að tilhlutan lögmanns stefnda.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnheiður Guðráðsdóttir, greiði stefnanda, Margréti Pálsdóttur, kr. 148.904 með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1975 til 1. desember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.